

FUNDARGERÐ

588. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

Árið 2019, fimmtudaginn 16. maí, kom sveitarstjórn Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 16:00 í Kötluasetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson, Þorgerður Hlín Gísladóttir, Ingi Már Björnsson, Ragnheiður Högnadóttir og Þórey Richardt Úlfarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri, sem ritaði fundargerðina í tölvu, George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi að hluta, Friðrik Einarsson fulltrúi KPMG að hluta og Kolbrún Magga Matthíasdóttir að hluta.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum og leitaði afbrigða til að taka eftirtalin mál á dagskrá fundarins:

III – 4. Ársreikningur 2018, fyrri umræða.

I – 2. Fundargerð 245. fundar fræðslunefndar haldinn 30. apríl, 2019.

Afbrigðin samþykkt samhljóða

Þetta var tekið fyrir:

1. Verkefni sveitarstjóra

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

2. Fundargerðir fræðslunefndar Mýrdalshrepps

2.1. Lögð fram til kynningar fundargerð 244. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps frá 19. mars 2019.

2.2. Lögð fram til kynningar fundargerð 245. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps frá 30. apríl 2019.

3. Fundargerð skipulagsnefndar Mýrdalshrepps

George Frumuselu, skipulags- og byggingarfulltrúi sat fundinn undir þessum lið.
Lögð fram fundargerð 267. fundar skipulagsnefndar Mýrdalshrepps frá 13. maí 2019.
Eftirfarandi liðir fundargerðarinnar eru til staðfestingar í sveitarstjórn:

3.1. Skilti við Austurveg og Víkurbraut

Nefndin lagði til að orðinu „city“ yrði skipt út fyrir orðið „town“ og að vestara skiltið yrði fært fjær gatnamótum Víkurbrautar og Austurvegar til að minnka líkur á að það dragi út útsýni bílstjóra sem aka um gatnamótin. Skipulagsfulltrúa falið að leita álits Vegagerðarinnar.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Handwritten signatures and initials, including a large signature and the initials 'BY' and 'Ph'.

3.2. Norður-Foss – Breyting á deiliskipulagi

Nefndin samþykkir tillögu að deiliskipulagi og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa í samræmi við 41. gr. skipulagslaga. Nefndin leggur til að tillagan verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar vegna samræmingar við gildandi aðalskipulag.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Aðrir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar.

4. Fyrirspurn vegna skógræktar á jörðinni Hvoll 1

Fram var lagt erindi frá Sigurði Magnússyni þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar um hvort framkvæmdaleyfi þurfi fyrir skógrækt á um 93 ha svæði á jörðinni Hvoll 1.

Umhverfisstofnun gerir svohljóðandi athugasemdir þegar kemur að sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar:

„Fyrirhugað ræktunarsvæði mun þegar fram í sækir mynda hyrningslaga ræktunarsvæði, þar sem skörp skil verða á milli þess svæðis sem stendur til að rækta og þess svæðis sem umhverfis er. Sýnileikinn verður þeim mun meiri, því fyrirhugað svæði liggur að Þjóðvegi 1 og er á allstóru flatlendi á Suðurlandi þar sem engin sambærileg ræktun á sér stað.

Umhverfisstofnun telur slíkar beinar línur skógræktar rjúfa landslagsheild og muni hafa veruleg áhrif á ásýnd svæðisins.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við skógrækt, uppgreðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsviptomti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði.“

Með vísan til athugasemda Umhverfisstofnunar um að mati á vistgerðum svæðisins sé ábótavant auk framangreinds um sjónræn áhrif og rof á landslagsheild telur sveitarstjórn verkefnið þannig vaxið að það krefjist framkvæmdaleyfis. Sveitarstjórn gefur því ekki heimild fyrir því að hafnar verði framkvæmdir og mælist jafnframt til þess að útbúið verði líkan sem sýni fram á sjónræn áhrif framkvæmdanna svo hægt sé að leggja mat á þau atriði sem Umhverfisstofnun veltir upp.

George yfirgefur fundinn.

5. Beiðni um umsögn vegna Sunnubrautar 3

Fram var lögð beiðni um umsögn frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dags. 6. maí 2019, vegna umsóknar um rekstrarleyfi frá Runólfi Þór Runólfssyni, vegna Sunnubrautar 3, fnr. 218-8761, til sölu gistingar í flokki II.

Sveitarstjórn vísar til takmarkana er varðar útleigu á íbúðarhúsnæði til gistingar í þéttbýlinu í Vík sem bætt var við greinargerð með breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps með vísan í reglugerð nr. 585/2007:

„Útleiga íbúðarhúsnæðis til gistingar í flokki II samkvæmt skilgreiningu reglugerðarinnar er óheimil, þó verði þau leyfi sem veitt hafa verið vegna gistingar í flokki II í þéttbýlinu í Vík,



framlengd til ársins 2022, verði eftir því leitað. Heimagisting verði heimiluð, en verði að hámarki 10 gistirými í samræmi við skilgreiningu byggingarreglugerðar á flokkun húsnæðis m.t.t. brunavarna. Sýna verður fram á að næg bílastæði verði við húsið, það rækilega merkt og að starfsemin muni ekki hafa truflandi áhrif á íbúðabyggingu.“

Með nýrri reglugerð um veitinga- og gististaði 1277/2016 er sú reglugerð sem ofangreind samþykkt sveitarstjórnar tekur mið af felld úr gildi. Í c-lið 4. gr. reglugerðar 1277/2016 eru minni gistiheimili skilgreind sem gististaður með færri en 5 herbergjum eða rými fyrir 10 einstaklinga eða færri. Sveitarstjórn samþykkir með vísan til þeirrar greinar að framlengja þau leyfi sem áður voru veitt til gistingar í flokki II til 2022.

Með vísan í framangreint gerir sveitarstjórn ekki athugasemd við útgáfu rekstarleyfis vegna Sunnubrautar 3 til 1. janúar, 2022.

6. Beiðni um umsögn vegna Skammadals 2

Fram var lögð beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dags. 24. apríl 2019, um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfis frá Ausur ehf., ábyrgðarmaður Lára Oddsteinsdóttir, vegna Skammadals 2, fnr. 2018-8414, til sölu gistingar í flokki II.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

7. Umsókn um lóð á Mánabraut 26.

Fram var lögð umsókn frá Chenal Sarah um lóðina Mánabraut 26 í Vík.

Sveitarstjórn samþykkir lóðaúthlutunina.

8. Ársreikningur Mýrdalshrepps fyrir árið 2018 – fyrri umræða.

Friðrik Einarsson endurskoðandi frá KPMG og Kolbrún Magga Matthíasdóttir sátu fundinn undir þessum lið.

Tekinn var til fyrri umræðu ársreikningur Mýrdalshrepps fyrir árið 2018. Friðrik Einarsson fór yfir ársreikninginn og skýrði hann.

Sveitarstjórn þakkar Friðriki Einarssyni fyrir yfirferðina og samþykkir að vísa ársreikningnum til síðari umræðu.

9. Gjaldskrá og verðlaun fyrir refi og minka.

Fram voru lögð drög að gjaldskrá og verðlaunum fyrir refi og minka í Mýrdalshreppi. Í drögumunum eru verðlaun, tímakaup og akstursgjöld hækkuð til samræmis við það sem þekkist í nágrennasveitarfélögum.

Sveitarstjórn staðfestir drögin og felur sveitarstjóra að birta nýja gjaldskrá á heimasíðu sveitarfélagsins.

10. Þjónustusamningur um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi.

Fram var lagður þjónustusamningur um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi á milli aðildarsveitarfélaga Bergrisans.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd Mýrdalshrepps.

Handwritten signatures and initials in the bottom right corner of the page, including 'EKE', 'RH', and other illegible marks.

11. Samningur milli Bergrisans og Sveitarfélagsins Árborgar.

Fram var lagður til kynningar samningur á milli sveitarfélagsins Árborgar og byggðasamlagsins Bergrisans um sameiginleg verkefni á sviði þjónustu við fatlað fólk á Suðurlandi sem Sveitarfélagið Árborg mun annast.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir fyrir sitt leyti samninginn.

12. Viðtalstími sveitarstjórnarmanna.

Fram var lögð til kynningar samantekt af viðtalstíma sveitarstjórnarmanna 13. maí, 2019. Til viðtals voru Ragnheiður Högnadóttir og Þorgerður Hlín Gísladóttir. Til viðtals kom Kolbrún Matthíasdóttir og kom með fyrirspurn um lagningu gangstétta á Ránarbraut og ábendingar um skipulag á lóð Víkurskóla og við leikskólann Mánaland.

Sveitarstjórn þakkar fyrir ábendingarnar og felur sveitarstjóra í samráði við skipulags- og byggingarfulltrúa að kanna hvernig megi bregðast við þeim til þess að auka öryggi á skólalóðinni.

13. Tillaga um viðhald á íþróttavelli.

Fram var lögð tillaga frá Ragnheiði Högnadóttur um hreinsun og merkingar á íþróttavellinum í Vík og að gerð verði viðhaldsáætlun fyrir íþróttamannvirki sveitarfélagsins. Sveitarstjóri útskýrir stöðu mála varðandi hreinsun og merkingu íþróttavallarins og að unnið sé að því að ganga frá tilboði í verkið.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna, ÞRÚ, RH samþykkja. EFE, IMB og PHG sitja hjá.

Oddviti óskar bókað að hann telji tillögu sem þessa algjörlega tilhæfuleusa enda sé málið í farveg hjá sveitarstjóra sem vinnu samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps.

14. Fundargerðir til kynningar.

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram til kynningar:

Fundargerð 196. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, haldinn 9. maí, 2019.

Fundargerð 545. fundar stjórnar SASS, haldinn 4. apríl, 2019.

Fundargerð fundar stjórnar Bergrisans, haldinn 9. apríl, 2019.

15. Kynningarefni.

Fram var lögð til kynningar stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum og bréf frá mennta- og menningarmálaráðherra um stefnumótunarvinnuna.

RH
EFE
IMB
PHG
mb


Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:50



Einar Freyr Elínarson, oddviti




Ingi Már Björnsson



Þórunn Hlín Gísladóttir



Ragnheiður Högnadóttir



Þórey Richardt Úlfarsdóttir